

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn á Ísafirði og með aðstoð fjarfundabúnaðar við Hólmavík, þriðjudaginn 11. október 2016, kl 13.00.

Mætt voru Pétur G. Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir (á Hólmavík), Jón Örn Pálsson, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóra og ritaði hann einnig fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð Jón Örn Pálsson, Tálknafjarðarhreppi velkominn á fyrsta fund stjórnar FV, gengið til dagskrár sem send var út 6. október s.l..

1. Fundargerð stjórnarfundar 29. ágúst 2016

Fundargerð lögð fram til staðfestingar en hún hafði áður verið send út í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Tilkyning um leyfi Ásu Dóru Finnbogadóttur, stjórnarmanns.

Formaður kynnti að Ása Dóra Finnbogadóttir, stjórnarmaður FV hafi með tölvupósti 29. september s.l., tilkynnt að hún taki sér ótímabundið leyfi í stjórn FV frá og með 5. október s.l.. Samkvæmt kosningu á 61. Fjórðungsþingi er Jón Örn Pálsson, Tálknafjarðarhreppi varamaður Ásu Dóru og hann tekur því sæti hennar í stjórn.

3. Starf menningarfulltrúa.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu máls. Ráðningarstofan Talent sá um auglýsingu og rágjöf við ráðninguna. Starf menningarfulltrúa var auglýst um miðjan ágúst s.l., alls sóttu 17 um starfið. Tekin voru viðtöl við átta aðila og í framhaldinu fjóra aðila þar sem framkvæmdastjóri og formaður tóku þátt í viðtölum. Niðurstaða er að ganga til samninga við Skúla Gautason, Akureyri og hann taki til starfa í nóvember n.k..

4. Haustþing FV

Þinggerð 1. Haustþings FV haldið þann 8. og 9. september lögð fram til kynningar. Þinggerðin verður send sveitarstjórnnum og sett á vef FV. Málefni þingsins verða tekin fyrir síðar á þessum fundi.

5. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundir með sveitarfélögum.

Stefnumörkun FV var lögð fram á 1. Haustþingi FV, þingið samþykkti að fela stjórn að ræða nánar efni stefnumörkunar við sveitarfélögin. Tillaga formanns er að farið verði í fundarferð dagana 19., 20, og 21. október n.k. og haldnir fund með öllum sveitarstjórnnum, með í ferð verði starfsmenn FV.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá fundanna. Farið verði yfir meginmarkmið, hlutverk, málaflokka og undirmarkmið. Framkvæmdastjóri telur að taka verði þessa þætti í þeirri röð eins og þeir koma fyrir. Tillagan samþykkt.

6. Tillaga að Svæðisáætlun Vestfjarða, val á málaflokkum.

Tillaga að Svæðisáætlun Vestfjarða var lögð fram á 1. Haustþingi, þingið fól stjórn að funda með sveitarfélögin til að ræða nánar val á málaflokkun svæðisáætlunar. Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá fundarins. Tillagan samþykkt.

Lína Björg Tryggvadóttir mætt til fundar.

7. Umhverfissvottun. Úttekt EarthCheck.

Lína Björg skýrði frá því að í síðustu viku hafi úttektaraðili á vegum EarthCheck tekið út starf FV að umhverfissvottun Vestfjarða. Niðurstaða úttektar kemur síðar, en úttektaraðili var í meginatriðum sáttur við framkvæmd mála. Úttektaraðili setur þó fram gagnrýni er varðar yfirstjórn verkefnisins s.s. hlutverk framkvæmdaráðs, skipurit og skipunarbréf verkefnastjóra.

Verkefnið hefur verið skráður sem samþykktur umsóknaraðili hjá EarthCheck nú í þrjú ár og fékk nú síðast fyrir rúmri viku samþykki fyrir árið 2015. En með framangreindri úttekt er verkefnið að sækjast eftir að fá vottun fyrir svæðið, þ.e. að ná að stíga skrefið til fulls.

Stjórn FV lýsir ánægju með stöðu verkefnisins á þessari stundu. Rætt verði síðar um næstu skref þegar niðurstaða úttektar liggur fyrir.

Lína Björg yfirgaf fund.

8. Framtíðarskipulag samstarfs FV og Atvest.

Starfshópur hefur komið einu sinni saman og er niðurstaða hópsins að vinna beri áfram með tillögu að Vestfjarðastofu. Næsti fundur er boðaður þann 12. október n.k.. Fulltrúar úr stjórn og framkvæmdastjóri fóru yfir umræðu í starfshópnum.

9. Markaðsstofa Vestfjarða. Skipan fulltrúa í ráðgjafaráð markaðsstofu.

Samkvæmt samkomulagi við Ferðamálasamtök Vestfjarða um starfsemi Markaðsstofu frá 2013 er skipað í fimm manna ráðgjafaráð. Tveir fulltrúar frá Fjórðungssambandi og þrír frá Ferðamálasamtökum. Núverandi fulltrúar FV eru Sigríður Kristjánsdóttir, Ísafirði og Jón Páll Hreinsson, Ísafirði.

Kynnt tillaga Ferðamálasamtaka Vestfjarða um fulltrúa samtakanna verði; Daníel Jakobsson, Ísafirði, Elías Guðmundsson, Suðureyri og Gunnþróa Bender, Patreksfirði.

Rætt um skipan fulltrúa FV. Formaður gerði tillögu um að skipa Viktoríu Rán Ólafsdóttur, Hólmavík og Jón Pál Hreinsson í ráðgjafaráð. Skipan þessi gildi til haustþings 2018 þegar ný stjórn FV verður kjörin. Tilagan samþykkt.

10. Byggðaáætlun 2017-2023. Verkefnatillögur FV

Byggðaáætlun er nú unnin samkvæmt lögum nr 69/2015, með mun víðari nálgun en áður. Á fundi um byggðaáætlun þann 7. okt s.l. á Ísafirði óskaði Byggðastofnun eftir að landshlutasamtök sveitarfélaga geri tillögur að áhersluverkefnum. Rætt um efni tillagana sem FV gæti sent inn.

11. Skýrsla nefndar um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum.

„Vestfjarðanefnd“.

Lögð fram til kynningar skýrslan *Aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði* var afgreidd úr ríkisstjórn þann 20. september s.l.. Skýrslan er unnin af nefnd forsætisráðherra um samfélags og atvinnuþróun á Vestfjörðum. Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir

Þá fundi sem þeir hafa haldið með ráðuneytum sem bera ábyrgð á verkefnum sem tilgreind eru í skýrslunni.

12. Fundur með framboðum til Alþingis um fiskeldismál.

Lögð fram tillaga til staðfestingar tölvupósti til stjórnar FV varðandi boðun opins fundar á vegum FV um fiskeldismál með þeim framboðum sem bjóða fram til Alþingiskosninga þann 29. okt n.k.. Fundurinn verður haldinn í Edinborgarhúsinu, Ísafirði þann 20. október n.k., kl 20.00. Tillagan samþykkt.

13. Fundargerðir

a. Fundargerð haustfundar LHSS 21. september s.l.

Lögð fram til kynningar fundargerð haustfundar landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var þann 21. september s.l. í aðdraganda fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Fundurinn beindi tillögu til stjórnar landshlutasamtaka varðandi samræmingu fargjalda almenningssamgangna með vísan til minnisblaðs frá Strætó b.s. dags 20. sept 2016 *Mögulegar breytingar á gjaldskrá Strætó bs á landsbyggðinni.*

Framkvæmdastjóri gerði að tillögu að stjórn FV samþykki tillögu að breytingu á gjaldskrá samkvæmt valmöguleika 3. Tillagan gerir ráð fyrir að hafa tvö fargjöld, fullt fargjald 420 kr og 50 % gjald fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja. Sett er að skilyrði fyrir samþykki er að boðið verði upp á frístundakort og að samhliða taki Strætóappið í gildi fyrir landsbyggðina.

Tillagan samþykkt.

b. **Fundargerð um framkvæmd Ísland ljóstengt frá og með 2017.**

Lögð fram til kynningar fundargerð frá fundi landshlutasamtaka sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og verkefnisstjórnar Ísland ljóstengt og fulltrúum innanríkisráðuneytis, 26. september 2016.

Efni fundarins var að kalla eftir sjónarmiðum um framkvæmd verkefnisins á árinu 2017.

14. Landshlutasamtök sveitarfélaga

a. Fundargerðir

Lagðar fram til kynningar fundargerðir Eyþings, SSNV, SASS, SSA og SSS, frá byrjun ágúst til fyrstu viku í október.

b. Ársfundir

Kynnt boð á ársfundi Eyþing, SSS, SSNV og SSV. FV sér ekki fært að þessu sinni að sækja þessa fundi en sendir kveðjur til viðkomandi landshlutasamtaka.

15. Önnur mál.

Engin mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.